

STJÓRNARTÍÐINDI B 11 – 2005

24. janúar 2005

79

Nr. 61

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015, íbúðarbyggð og miðbær á Norðurbakka.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 24. janúar 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015 frá 23. desember 1997.

Breytingin felst í því að meginhluti hafnarsvæðis á Norðurbakka breytist í íbúðarsvæði en svæði næst miðbæ breytist í blandað íbúðar- og miðsvæði. Bryggja og hafnarkantur í suðurjaðri svæðisins verða áfram skilgreind sem hafnarsvæði. Miðsvæði norðan Vesturgötu og vestan Merkur götu breytist í íbúðarsvæði og miðsvæði sunnan Vesturgötu og vestan Fjarðargötu (bensínstöð) breytist í blandað íbúðar- og miðsvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Hafnarfjarðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 24. janúar 2005.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

24. janúar 2005

Nr. 62

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001–2024, Hlíðarendi, Reykjavík.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 24. janúar 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024 frá 20. desember 2002.

Breytingin felst í því að heimilt verður að þetta byggð um 170 íbúðir á miðsvæði M5 við Hlíðarenda, á milli Bústaðavegar og Hlíðarfótar.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki borgarráðs Reykjavíkur. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar. Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 24. janúar 2005.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

REGLUGERÐ

um veiðar á samningssvæði Norðvestur-Atlantshafsfiskveiðistofnunarinnar, NAFO, 2005.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til veiða íslenskra skipa á svæði sem nefnt er „samningssvæðið“ í samningi um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar í Norðvestur-Atlantshafi, sbr. auglýsingu nr. 17 í C-deild Stjórnartíðinda 29. desember 1978. Vísað er til viðauka III við þann samning um skiptingu þess svæðis í vísindaleg og tölfræðileg undirsvæði (tilgreind með tölustöfum), deilissvæði (hlutar undirsvæðis tilgreindir með tölustaf og stórum bókstaf) og undirdeilissvæði (hlutar deilissvæðis tilgreindir með litlum bókstaf). Veiðar á samningssvæðinu eru óheimilar íslenskum skipum, án sérstaks leyfis Fiskistofu. Skulu þau leyfi bundin þeim skilyrðum sem nauðsynleg eru til að fullnægja skuldbindingum Íslands á grundvelli framangreinds samnings.

2. gr.

Þeim íslenskum fiskiskipum er einum heimilt að stunda veiðar á samningssvæðinu sem búin eru fjarskiptabúnaði sem sendir upplýsingar með sjálfvirkum hætti til sameiginlegrar eftirlitsstöðvar Landhelgisgæslu Íslands og Fiskistofu, hér eftir nefnd Eftirlitsstöðin, um staðsetningu viðkomandi skips á klukkustundar fresti. Óheimilt er að halda úr höfn til veiða fyrr en starfsmenn Eftirlitsstöðvarinnar hafa staðfest til skipstjóra að ofangreindur búnaður starfi eðlilega.

3. gr.

Heimilt er að framselja úthlutaða aflahlutdeild og aflamark milli fiskiskipa, samkvæmt þeim reglum sem almennt gilda um framsal aflahlutdeildar og aflamarks samkvæmt lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum. Ákvæði 10. gr. og 5. og 7. mgr. 12. gr. laga nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, gilda ekki um aflamark sem úthlutað er samkvæmt þessari reglugerð.

Heimilt er Fiskistofu að afturkalla fyrirvaralaust leyfi skipa til veiða, stundi þau veiðar úr öðrum stofnum en leyfið miðast við.